


Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2016



Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson.

Kápumynd: Hrútur í Bárðardal.

Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2016



Baðlaug við Sigló Hótel og hús Síldarminjasafnsins í bakgrunni.

**Samantekt unnin fyrir
Markaðsstofu Norðurlands
mars 2017**



Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði
rognvaldur@rrf.is

Efnisyfirlit

	Helstu niðurstöður	1
1.0	Inngangur	3
1.1	Kannanir sem stuðst er við	3
1.2	Úrvinnsla	3
2.0	Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2016	5
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning	5
2.2	Ferðamáti og farartæki	8
2.3	Ferðamenn með skemmtiferðaskipum	9
2.4	Allir ferðamenn á Íslandi 2004-2016	9
3.0	Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2016	10
3.1	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Húnavatnssýslum	10
3.2	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Skagafirði	13
3.3	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði	17
3.4	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjarsýslum	19
3.4.1	<i>Erlendir ferðamenn á Melrakkasléttu og Langanesi</i>	22
3.5	Erlendir ferðamenn á hálendi Norðurlands	23
3.6	Erlendir ferðamenn á Norðurlandi öllu	24

Helstu niðurstöður

Erlendir ferðamenn á Norðurlandi

- Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 502 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Norðurland árið 2016 af alls 1.706 þúsund erlendum ferðamönnum til Íslands, eða 29% þeirra. Þar af hafi 298 þúsund komið að sumri (59%) en 204 þúsund utan þess (41%).
- Það þýðir að 45% erlendra sumargesta á Íslandi 2016 lögðu leið sína á Norðurland en um 20% erlendra gesta utan sumars. Á jaðarmánuðunum maí, september og október 2016 er áætlað að 26-42% ferðamanna til Íslands hafi komið eitthvað á Norðurland, 18% gesta í apríl, 11% í mars en 3-9% yfir vetrarmánuðina janúar, febrúar, nóvember og desember.
- Áætlað er að 393 þúsund erlendir næturgestir á Norðurlandi árið 2016 hafi gist þar í 3,2 nætur að jafnaði. Alls í 1.266 þúsund nætur, um 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi. Árið 2010 er hins vegar áætlað að 15% af erlendum gistinóttum á Íslandi hafi verið á Norðurlandi.
- Þá er áætlað að gistinóttum erlendra ferðamanna á Norðurlandi hafi fjölgað úr 516 þúsund árið 2010 í 1.266 þúsund árið 2016, eða nær 2,5 falt. Þar af fjölgaði þeim úr 466 þúsund í 824 þúsund að sumarlagi, um 77%, en úr 50 í 442 þúsund utan sumars, eða 8,8 falt.
- Árið 2016 er áætlað að 39% af erlendum gistinóttum á Norðurlandi hafi verið í Eyjafirði, 35% í Þingeyjarsýslum, 14% í Húnavatnssýslum og 12% í Skagafirði.

Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum

- Áætlað er að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslur árið 2010 en 338 þúsund árið 2016. Samkvæmt því 2,5 faldaðist fjöldi þeirra frá 2010 til 2016. Þetta þýðir að 20% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Húnavatnssýslur en 27,5% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Húnavatnssýslna í komum ferðamanna dregist saman um 27% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýslurnar hafi fjölgað úr 116 þúsund árið 2010 í 210 þúsund árið 2016, eða um 80%. Hins vegar fjölgaði erlendum ferðamönnum utan sumartíma þar mikið meira á sama árabili, úr 20 þúsund í um 128 þúsund, eða 6,7 falt.
- Erlendar gistinætur í Húnavatnssýslum eru áætlaðar 175 þúsund árið 2016, um 1,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Erlendir ferðamenn í Skagafirði

- Áætlað er að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010 en 353 þúsund árið 2016. Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,5 falt frá 2010 til 2016. Þetta þýðir að 21% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Skagafjörð en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Skagafjarðar í erlendum gestum dregist saman um 28% á tímabilinu.

- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Skagafjörð hafi fjölgað úr 121 þúsund árið 2010 í 217 þúsund árið 2016, eða um 79%. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Skagafirði utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 21 þúsund í 136 þúsund, eða 6,5 falt.
- Erlendar gistinætur í Skagafirði eru áætlaðar 155 þúsund árið 2016, um 1,3% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Erlendir ferðamenn í Eyjafirði

- Áætla má að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2010 en 459 þúsund árið 2016. Samkvæmt því fjölgaði þeim þrefalt frá 2010 til 2016. Það þýðir að 27% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 hafi komið í Eyjafjörð en það hlutfall var 31% árið 2010. Því er áætlað að hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands hafi dregist saman um 13% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 270 þúsund árið 2015, eða rúmlega tvöfalt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Eyjafirði utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í 189 þúsund, eða tífalt.
- Erlendar gistinætur í Eyjafirði eru áætlaðar 490 þúsund árið 2016, um 4,2% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

- Áætlað er að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010 en 443 þúsund árið 2016 sem er 3,1 földun. Þetta þýðir að 26% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hafa Þingeyjarsýslur misst um 10% hlutdeild í erlendum gestum á tímabilinu 2010 til 2016.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 263 þúsund árið 2015, eða 2,1 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í sýslunum utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 180 þúsund, eða 11,2 falt.
- Erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum eru áætlaðar 443 þúsund árið 2016, um 3,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Erlendir ferðamenn á Melrakkaslétu og Langanesi

- Áætlað er að 39 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Melrakkaslétu eða Langanes árið 2016, þ.e. að Kópaskeri, Raufarhöfn eða Þórshöfn, en 14 þúsund árið 2010. Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,8 falt frá 2010 til 2016. Þetta þýðir einnig að 2,3% af ferðamönnum til Íslands árið 2016 komu á svæðið.

1.0 Inngangur

1.1 Kannanir sem stuðst er við

Skýrsla þessi, þ.e. kafli 2.0 um erlenda ferðamenn á Íslandi 2004-2016 og kafli 3.0 um erlenda ferðamenn á Norðurlandi 2010-2016, byggir á niðurstöðum úr könnuninni *Dear Visitors* sem fyrirtækið *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar* (RRF) hefur framkvæmt meðal brottfararfarþega í Leifsstöð frá sumrinu 1996 og síðan nær stöðugt allan ársins hring frá janúar 2004 og til þessa dags. Þá hefur könnunin einnig oftast verið framkvæmd á sumrin meðal ferðamanna með Norrænu á Seyðisfirði. Í könnuninni hefur frá árinu 1996 og stöðugt allt árið frá 2004 verið spurt hvort ferðamenn hafi komið á eftirtalin svæði á Norðurlandi: Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Einnig hafa erlendir ferðamenn verið spurðir hvort þeir gistu á þessum svæðum og þá í hve margar nætur.

Hér verður lögð áhersla á að skoða þessar upplýsingar fyrir árið 2016 með samanburði við árin 2015, 2013 og 2010, til að varpa ljósi þróunina á þessu sjö ára tímabili. Að jafnaði tóku 3-4 þúsund erlendir gestir þátt í *Dear Visitors* könnuninni hvert þeirra ára sem hér er unnið með (rétt um 3 þúsund árið 2016).

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnun RRF sem komu til Íslands eða heimsóttu svæðin fjögur á Norðurlandi skoðaðir sem heild. Jafnframt er skoðaður munur á komugestum, næturgestum og fjölda gistinátta erlendra gesta á svæðin að sumri og utan sumars og eftir mánuðum árin 2016, 2015, 2013 og 2010. Eins verður þróun þessara þátta skoðuð fyrir allt Norðurland. Jafnframt verður fjallað um muninn á komum ferðamanna eftir búsetu þeirra (markaðssvæðum) o.fl. Ferðamenn í *Dear Visitors* könnuninni eru flokkaðir í sex markaðssvæði eftir búsetu. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir "önnur svæði".

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

<i>Markaðssvæði</i>	<i>Lönd</i>
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitors* 2016 er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til

Íslands með flugi eða Norrænu árið 2016, um 1.706 þúsund manns.¹ Áætlað er að 1.048 þúsund þeirri hafi komið utan sumars (61%) en um 658 þúsund sumarmánuðina júní, júlí og ágúst (39%).

Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1300	1,2	1,6	1,9	2,2	2,4	2,5	2,7	2,7
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Dæmi um notkun á töflu 1.2

Ef 10% sumargesta í könnuninni *Dear Visitors 2016* sem hér er byggt á höfðu ákveðna skoðun verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 1,9% miðað við um 1.000 erlenda svarendur sem þá tóku þátt í henni. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 40% verður frávikið +/-3,0%. Þessa tölfræði er gott að hafa í huga við lestur greinargerðarinnar og túlkun niðurstaðna.

¹. Hér er stuðst við talningu Ferðamálastofu meðal brottfararfarþega í Leifsstöð, tölur Austfars hf um farþega með Norrænu og upplýsingar frá Isavia um ferðamenn um flugvöllina í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum. Alls eru erlendar brottfarir frá Íslandi með flugi og ferju áætlaðar um 1.795 þúsund árið 2016. Hér gert ráð fyrir að 5% þeirra hafi verið vegna erlendra borgara sem starfa á Íslandi en að 1.706 þúsund hafi verið erlendir gestir.


2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2016

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en 2011-2016 hefur verið einstaklega mikil fjölgun (20-40% á ári). Niðurstaðan er sú að erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju 2004-2016,

Mynd 2.1 Fjöldi erlendra brottfara frá Íslandi 2004-2016

ferðamenn með flugi og ferju og vinnandi fólk



fjölgaði úr 362 þúsund í nálægt 1.800 þúsund, eða fimmfalt, sem jafngildir rúmlega 14% árlegri fjölgun á þessu tímabili.

Helstu ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 voru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskipta-

erindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu síðustu árin má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*.

Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum í júní, júlí og ágúst sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2016 um 61% gesta til landsins en sumargestir 39%. Þá hefur erlendu farandverkafólki nú fjölgað verulega á ný síðustu 2-3 árin, einkum vegna uppgangs í ferðaþjónustu og byggingariðnaði.

Gistinætur erlendra ferðamanna hér á landi voru lengi og allt fram til 2011 um helmingi fleiri að sumri en utan þess. Frá þeim tíma hefur verulega dregið sama og árið 2016 voru erlendar gistinætur á Íslandi heldur færri yfir sumarmánuðina þrjá en hina níu mánuði ársins. Ástæðan er mikið örari fjölgun vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta lítilllega verið að styttest og var t.d. um 8,6 nætur að jafnaði sumarið 2016 samkvæmt könnunum RRF en um 5,8 nætur utan sumars. Þannig má áætla að árið 2016 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls verið um 11,7 milljónir talsins; þar af um 5,6 milljónir yfir sumarmánuðina þrjá (48%)


en 6,1 milljónir hina níu mánuði ársins (52%). Er þá öll gisting meðtalin, s.s. hjá vinum, í húsbílum og í tjaldi á víðavangi.²

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum voru heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og enn frekar veturinn 2014-2015. Mikil aukning á gestum frá Norður-Ameríku síðustu 2-3 ár hefur hins vegar skilað þeim á toppinn meðal gesta utan sumars. Þá hefur gestum utan helstu hefðbundnu markassvæða okkar einnig fjölgað mjög mikið utan sumars og nálgðust fjölda Breta utan sumars á síðasta ári.

Bretar koma fremur lítið til Íslands að sumarlagi. Að sumri hafa ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) verið fjölmennastir. Frá sumrinu 2013 blönduðu ferðamenn frá Norður-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða sér í toppbaráttuna. Sumarið 2015 voru gestir frá Norður-Ameríku áberandi fjölmennastir gesta frá einstökum markaðssvæðum og juku það forskot síðan mikið sumarið 2016. Ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn og síðan Ítalía) koma meira til Íslands að sumarlagi en utan þess. Þá koma gestir frá Mið-Evrópu einnig talsvert síður til Íslands utan sumars svo sem sést betur á myndum 2.2-2.3.³

Myndir 2.2-2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum

farþegar með flugi og ferju, sumur og vetur 2004-2016¹



² Hér er gert ráð fyrir að 5% erlendra brottfara frá til Íslandi árið 2016 hafi verið vegna fólks sem starfaði á Íslandi (farandverkafólk o.fl.), um 90 þúsund brottfarir, og því ekki ferðamenn í þeim skilningi. Því er hér miðað við 95% af heildinni, eða 1.706 þúsund ferðamenn (brottfarir), þegar gistinætur eru áætlaðar til að forðast ofátlanir (1.796.000 - 90.000).

³ Í grafinu sem sýnir þróunina utan sumars eiga tölurnar við tímabilin frá september fyrra árs til maí næsta árs (utan sumars) - nema árið 2016 þar sem miðað er við mánuði utan sumars það ár (janúar-maí og september-desember).

Með í hópnum „aðrir“ eru t.d. allir ferðamenn frá Asíu, þar með talinn mjög vaxandi fjöldi Kínverja en einnig Japanir, Indverjar, íbúar Suður-Kóreu, Singapore, Tævan o.s.frv.. Merki eru um verulega aukinn fjölda gesta frá öllum þessum löndum. Auk þess falla íbúar Ástralíu undir þennan hóp og kannanir benda einnig til að þeim hafi fjölgað verulega á síðustu árum og sömuleiðis íbúum fjölmargra landa í austurhluta Evrópu, Eystrasaltsríkjanna og fleiri landa. Undir þennan hóp falla einnig öll lönd Afríku og Suður-Ameríku en gestum þaðan virðist hins vegar fjölga mun hægar.


Nú flokkar Ferðamálastofa Þjóðerni íbúa 17 landa en allir hinir eru settir saman undir „annað“. Í Asíu eru það því einungis Kínverjar og Japanir sem eru taldir sérstaklega en ekki Indverjar eða aðrar Þjóðir Asíu. Brýnt er að telja séstaklega íbúa fleiri landa til að auðvelda rannsóknir og auka nákvæmni tölfræðinnar hvað erlenda gesti til landsins varðar.

Það má lauslega áætla 7-8% erlendra gesta til Íslands árið 2016 hafi verið Asíubúar, 120-135 þúsund manns, eða nálægt þriðjungur af þeim sem settir voru í hópinn „aðrir“ á myndum 2.2 og 2.3 hér að framan.⁴ Þar af voru Kínverjar um 67 þúsund, eða um 4% gesta til landsins, en Japanir um 22 þúsund (1,3%). Fjöldi Kínverja til Íslands hefur nær fjórfaldast frá árinu 2013 þegar þeir voru um 17 þúsund. Japönunum hefur hins vegar fjölgað tæplega tvöfalt frá 2013 þegar þeir voru um 12 þúsund.

Sumarið 2016 voru um 30,5% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju frá Norður-Ameríku, 17% frá Mið-Evrópu (mest Þjóðverjar), 13% frá Suður-Evrópu, 11% frá Norður-löndunum, 8% frá Bretlandseyjum/Írlandi, 3,5% frá Benelux löndunum (mest Hollendingar) og 17% komu annars staðar frá. Utan sumars 2016 var samsetning gesta töluvert önnur. Þá voru gestir frá Norður-Ameríku fjölmennastir (25%) en síðan Bretar (24%) og ferðamenn utan helstu markaðssvæða (21%). Þá komu Norðurlandabúar og gestir frá Mið-Evrópu (10% hvor hópur), gestir frá Suður-Evrópu (7%) og loks frá Benelux löndunum (3%).

Myndir 2.4-2.5


Skipting erlendra gesta á Íslandi 2016 eftir markaðssvæðum



⁴ Ekki er þó hægt að áætla þetta hlutfall af nákvæmni sökum þess að nú er einhvörðungu talinn fjöldi Kínverja og Japana á leið úr landi en ekki annarra Asíuþjóða.


2.2 Ferðamáti og farartæki

Mynd 2.6 Ferðamáti erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2016



Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópferð. Síðustu árin hafa svo kallaðar "self drive" ferðir vaxið mikið, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Niðurstaðan er sú að sumarið 2016 eins og sumarið 2015 voru 71% svarenda á eigin vegum, 16% í "self drive" ferð og 13% í skipulagðri hópferð.

Mynd 2.7 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2016



Aukið sjálfstæði erlendra gesta helst í hendur við aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópferðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópferðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2016 notuðu hins vegar um 65% gestanna eitthvað bílaleigubíl í ferðum um Ísland, 22% hópferðabíl og 11% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norrænufarþegar), á bílum vina/ættingja á Íslandi eða hjóla um landið.


Þá nýttu um 60% gesta á jaðarmánuðunum 2016 sér bílaleigubíl (mars, apríl, maí, september og október) og um 40% gesta yfir fjóra dimmstu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember). Mun fleiri notuðu eitthvað hópferðabíla að vetri en sumri 2016 og t.d. nær helmingur gesta yfir helstu vetrarmánuðina fjóra en rúmlega 30% á jaðarmánuðunum.

2.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum

Gott er að hafa í huga að ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur einnig fjölgað mikið á síðasta áratug. Þannig komu um 45 þúsund erlendir skemmtiferðaskipagestir til Íslands árið 2004 en 105 þúsund árið 2014, sem er 133% aukning. Samkvæmt tölum frá Faxaflóahöfnum fækkað þeim nokkuð árið 2015, eða í um 100 þúsund með 108 skipum og voru

síðan um 99 þúsund með 114 skipum árið 2016. Þessir ferðamenn dreifast einkum á mánuðina júní til september en koma einnig lítillga í maí. Þeir gista nær eingöngu um borð í skipunum en fara hins vegar mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá viðkomustöðum skipanna og/eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað. Flestir gestir með skemmtiferðaskipum árið 2016 voru frá Þýskalandi (31%), Bandaríkjunum (22%) og Bretlandi (20%). Frá byrjun þessarar aldar hefur farþegafjöldi frá þessum þremur löndum ætíð verið mestur. Ljóst er að árið 2017 mun verða metár, bæði hvað varðar skipakomur og farþegafjölda. Bókaðar hafa verið 134 skipakomur og með þeim er áætlað að komi um 128 þúsund farþegar.⁵

Mynd 2.8 Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum til Íslands 2004-2016




2.4 Allir erlendir gestir á Íslandi

Á mynd 2.9 má sjá þróunina í áætluðum fjölda allra erlendra gesta til Íslands: með flugi, ferjunni Norrænu og skemmtiferðaskipum á tímabilinu 2004-2016. Þar sést að þótt þorri skemmtiferðaskipagesta komi til Íslands að sumarlagi (tæp 80%) þá varð sá viðsnúningur á árinu 2013 að fleiri komu til landsins utan sumartíma en að sumri. Árið 2016 er síðan áætlað að 59% allra erlendra gesta hafi

komið til Íslands utan sumars en 41% að sumarlagi (júní, júlí, ágúst). Líkur eru á að þessi þróun haldi áfram og að ferðamönnum utan sumartíma fjölgi hraðar en sumargestum á komandi misserum og árum.

Mynd 2.9 Fjöldi erlendar gesta á Íslandi 2004-2016
ferðamenn með flugi, ferju, skipum og vinnandi fólk



⁵ Heimild: www.faxaflaohafnir.is

3.0 Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2016


3.1 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Húnavatnssýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslur árið 2010, 184 þúsund árið 2013, 267 þúsund árið 2015 og 338 þúsund árið 2016 (sbr. mynd 3.1). Samkvæmt því 2,5 faldaðist fjöldi þeirra frá 2010 til 2016 og jókst um 27% frá 2015 til 2016. Þetta þýðir einnig að 20% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Húnavatnssýslur en 27,5% þeirra árið 2010 (um 490 þúsund ferðamenn til landsins það ár).⁶ Samkvæmt því hefur hlutdeild Húnavatnssýslna í komum ferðamanna dregist saman um 27% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýslurnar hafi fjölgað úr 116 þúsund árið 2010 í 210 þúsund árið 2016, eða um 80%. Hins vegar fjölgaði erlendum utan sumartíma þar mikið meira á sama árabili, úr 20 þúsund í um 128 þúsund, eða 6,7 falt.

Þessar niðurstöður sýna að ferðamannatíminn í Húnavatnssýslum hefur lengst á síðustu árum og að nú koma ferðamenn þangað í verulegu mæli sex mánuði ársins (maí-október), nokkuð í mars, nóvember og desember en minnst í janúar og febrúar.

Mynd 3.1 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Húnavatnssýslur eftir mánuðum 2010, 2013, 2015 og 2016



2016	1,8	0,7	8,0	8,6	30,9	55,4	74,0	80,0	39,1	30,3	5,1	3,8
2015	1,7	0,8	8,1	7,0	11,1	35,8	82,1	79,6	27,0	9,9	2,7	1,5
2013	2,4	4,0	3,9	5,1	11,7	31,7	50,0	56,4	8,3	5,1	3,0	2,6
2010	1,0	0,2	2,1	2,5	2,5	21,2	45,1	49,5	8,0	2,4	0,5	0,3


⁶ Hér er gengið út frá því að 95% þeirra erlendu gesta sem fóru frá landinu með flugi eða ferju árið 2016 hafi verið ferðamenn, eða 1.706 þúsund af alls um 1.795 þúsund erlendum brottförum. Hin 5% hafi verið hér vegna vinnu á Íslandi. Viðmiðunartala fjöldaáætlana í þessari samatekt miðast því við 1.706 þúsund ferðamenn árið 2016.



Hvítserkur í Húnaafirði, austan Vatnsness.

Á mynd 3.2 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Húnavatnssýslum eftir mánuðum 2016 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 338 þúsund erlendum gestum hafi 142 þúsund gisti (42%) en 196 þúsund verið dagsgestir (58%). Um 44% sumargesta gistu í sýslunum en 39% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Húnavatnssýslum eftir mánuðum 2016




Þeir 142 þúsund erlendu gestir sem gistu Húnavatnssýslum árið 2016 dvöldu þar að jafnaði 1,2 nætur en næturgestir árin 2015, 2013 og 2010 í 1,2-1,3 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Húnavatnssýslum áætlaðar 175 þúsund árið 2016, eða um 1,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, (alls áætlaðar um 11,7 milljónir sbr. kafla. 2.1), 122 þúsund árið 2015, 74 þúsund árið 2013 og 60 þúsund árið 2010.⁷

Árið 2016 er áætlað að 32% erlendra gistinátta í Húnavatnssýslum hafi verið utan sumars (56 þúsund), 27% árið 2015, en aðeins 10% árið 2013 og 8% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.3.

⁷. Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Húnavatnssýslna áætlaðar og meðtaldar. Helsti gististaðurinn þar er Hveravellir og þar hafa skráðar gistinætur síðust árin verið í um 5 þúsund. Auk þess gista sumarferðamenn nokkuð á hálendi Húnavatnssýslna í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum. Sjá kafla 5.0.


Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistingu í sýslunum hlutfallslega utan sumars.

Mynd 3.3 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu í Húnavatnssýslum að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015 og 2016




Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Húnavatnssýslur eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2016 er áætlað að af 338 þúsund erlendum gestum í Húnavatnssýslum hafi 66 þúsund verið búsettir utan okkar helstu markaðssvæða (22%), 72 þúsund í Norður-Ameríku (21%), 63 þúsund í Mið-Evrópu (18,5%), 62 þúsund í Suður-Evrópu (18,5%), 30 þúsund á Norðurlöndunum (9%), 20 þúsund í Benelux löndunum (6%) og 17 þúsund á Bretlandseyjum (5%).

Mynd 3.4 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna á láglandi Húnavatnssýslna eftir markaðssvæðum árið 2016



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2016 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Húnavatnssýslur en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína. Þannig voru Bretar um 18% gesta til Íslands árið 2016 en einungis 5% af erlendum gestum í Húnavatnssýslum.

3.2 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Skagafirði




Við Grafarkirkju á Höfðaströnd, frá 17. öld.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010, 191 þúsund árið 2013, 280 þúsund árið 2015 og 353 þúsund árið 2016 (sbr. mynd 3.5). Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,5 falt frá 2010 til 2016 og um 26% frá 2015 til 2016. Þetta þýðir einnig að 21% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Skagafjörð en það hlutfall var 29% árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Skagafjarðar í erlendum gestum dregist saman um 28% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Skagafjörð hafi fjölgað úr 121 þúsund árið 2010 í 217 þúsund árið 2016, eða um 79%. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Skagafirði utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 21 þúsund í 136 þúsund, eða 6,5 falt. Þessar niðurstöður sýna að ferðamannatíminn í Skagafirði hefur lengst á síðust árum og að nú koma ferðamenn þangað í verulegu mæli sex mánuði ársins (maí-október), nokkuð í mars, nóvember og desember en minnst í janúar og febrúar.


Mynd 3.5 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Skagafjörð eftir mánuðum 2010, 2013, 2015 og 2016



2016	1,7	0,5	8,1	9,5	33,0	57,0	77,5	82,5	41,2	32,5	5,2	4,5
2015	2,0	0,7	8,6	7,6	12,3	35,8	87,8	83,6	27,1	10,8	2,1	1,5
2013	2,4	4,1	4,2	5,2	12,0	34,6	51,3	59,2	7,9	5,1	3,0	2,4
2010	1,0	0,2	2,3	2,5	2,6	21,2	47,9	52,0	9,4	2,3	0,3	0,3


Á mynd 3.6 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Skagafirði eftir mánuðum ársins 2016 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 353 þúsund erlendum gestum þar hafi 115 þúsund gisti (32,5%) en 238 þúsund verið dagsgestir (67,5%). Um 31% sumargesta sem þar fóru um gistu í Skagafirði og 33% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.6 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Skagafirði eftir mánuðum 2016



Þeir 115 þúsund erlendu gestir sem gistu í Skagafirði árið 2016 dvöldu þar að jafnaði 1,35 nætur, en næturgestir árið 2016 í 1,45 nætur og árin 2013 og 2010 í um 1,3 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Skagafirði áætlaðar 155 þúsund árið 2016 eða um 1,3% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 128 þúsund árið 2015, 56 þúsund árið 2013 og 57 þúsund árið 2010. Árið 2016 er áætlað að 35% erlendra gistinátta í Skagafirði hafi verið utan sumars, 18% árið 2015, 13% árið 2013 og 5% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.7. Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistinóttum í Skagafirði hlutfallslega utan sumars, einkum í maí, september og október.

Mynd 3.7 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta í Skagafirði að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015 og 2016






Frá Hofsósi.

Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Skagafjörð eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2016 er áætlað að af 353 þúsund erlendum gestum í Skagafirði hafi 81 þúsund verið búsettu utan okkar helstu markaðssvæða (23% þeirra), 74 þúsund í Norður-Ameríku (21%), 67 þúsund í Suður-Evrópu (19%), 66 þúsund í Mið-Evrópu (19%), 26 þúsund á Norðurlöndunum (7%), 22 þúsund í Benelux löndunum (6%) og 17 þúsund á Bretlandseyjum (5%).

Mynd 3.8 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Skagafirði eftir markaðssvæðum árið 2016



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2016 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Skagafjörð en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 18% gesta til Íslands árið 2016 en einungis 5% af erlendum gestum í Skagafirði.


3.3 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2010, 223 þúsund árið 2013, 334 þúsund árið 2015 og 459 þúsund árið 2016 (sbr. mynd 3.9).⁸ Samkvæmt því fjölgaði þeim þrefalt frá 2010 til 2016 og um 37% frá 2015 til 2016. Þetta þýðir einnig að 27% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Eyjafjörð en 31% þeirra árið 2010. Miðað við það því hefur hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands dregist saman um 13% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 270 þúsund árið 2016, eða rúmlega tvöfalt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Eyjafirði utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í um 189 þúsund, eða tífalt. Nær tvöföldun varð á gestum í Eyjafirði utan sumartíma á milli áranna 2015 og 2016 og munar þar mestu um gríðarmikla fjölgun í maí, september og október. Þá varð einni mikil fjölgun á milli ára í nóvember og desember. Hagstætt tíðarfar þessa mánuði hafði líklega mikið að segja.

Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Eyjafirði hefur lengst verulega á síðustu árum og að nú koma ferðamenn þangað í miklu mæli sex mánuði ársins, talsvert í mars og apríl en minnst í janúar og febrúar.

Mynd 3.9 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Eyjafjörð eftir mánuðum 2010, 2013, 2015 og 2016



2016	3,7	1,8	10,3	12,9	37,3	69,0	96,3	105,2	68,3	39,0	8,0	7,4
2015	2,9	1,2	13,4	9,7	14,5	42,2	102,1	95,5	33,2	13,3	4,3	1,9
2013	2,3	4,7	6,3	6,7	16,3	38,1	58,6	67,1	9,0	7,0	4,0	2,9
2010	1,0	0,2	2,4	2,5	2,7	21,8	52,6	57,4	7,6	2,5	0,2	0,2


⁸. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir. Þeir voru líklega nálægt 75 þúsund til Akureyrar 2016. Að þeim meðtöldum má áætla erlenda gesti í Eyjafirði um 535 þúsund í fyrra.



Göngugatan á Akureyri.

Á mynd 3.10 má sjá áætlaðan fjölda og skiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2016 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 459 þúsund erlendum gestum þar hafi 284 þúsund gisti (62%) en 175 þúsund verið dagsgestir (38%). 63% erlendra sumargesta í Eyjafirði 2016 gistu og 61% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.10 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2016



Dagsgestir	59%	67%	43%	30%	32%	38%	38%	36%	35%	56%	26%	30%
Næturgestir	41%	33%	57%	70%	68%	62%	62%	64%	65%	44%	74%	70%


Þeir 284 þúsund erlendu gestir sem gistu í Eyjafirði árið 2016 dvöldu þar að jafnaði í 1,75 nætur, en næturgestir árið 2015 í 2,0 nætur, árið 2013 í 2,3 nætur og árið 2010 í 1,8 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Eyjafirði áætlaðar 490 þúsund árið 2016, eða um 4,2% af erlendum gisti-nóttum á Íslandi það ár, 397 þúsund árið 2015, 286 þúsund árið 2013 og 166 þúsund árið 2010.⁹

Árið 2016 er áætlað að 40% erlendra gistinátta í Eyjafirði hafi verið utan sumars, 26% árið 2015, 29% árið 2013 og 14% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.11.

⁹. Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Eyjafjarðar áætlaðar og meðtaldar. Helsti gisti-staðurinn þar er Laugafell og þar hafa skráðar gistinætur síðust árin verið nálægt tvö þúsund. Auk þess gista ferðamenn nokkuð á hálendi Eyjafjarðar í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í göngu-skálum. Sjá kafla 5.0.

Mynd 3.11


Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu í Eyjafirði að sumri og utan sumars 2008, 2013, 2015 og 2016



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Eyjafjörð eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2016 er áætlað að af 459 þúsund erlendum gestum í Eyjafirði sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 106 þúsund verið búsettir utan okkar helstu markaðssvæða (23%), 96 þúsund í Norður-Ameríku (21%), 86 þúsund í Suður-Evrópu (19%), 83 þúsund í Mið-Evrópu (18%), 33 þúsund á Norðurlöndunum (7%), 30 þúsund á Bretlandseyjum (6,5%) og 26 þúsund í Benelux löndunum (5,5%).

Mynd 3.12

Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Eyjafirði eftir markaðssvæðum árið 2016



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2016 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Eyjafjörð en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 18% gesta til Íslands árið 2016 en einungis 6,5% af erlendum gestum í Eyjafirði.


3.4 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjarsýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010, 205 þúsund árið 2013, 326 þúsund árið 2015 og 443 þúsund árið 2016 (sbr. mynd 3.13).¹⁰ Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,1 falt frá 2010 til 2016 og um 36% frá 2015 til 2016. Þetta þýðir einnig að 26% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hafa Þingeyjarsýslur misst um 10% hlutdeild á tímabilinu 2010 til 2016.

Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 263 þúsund árið 2016, 2,1 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í sýslunum margfalt meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 180 þúsund, eða 11,2 falt.

Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Þingeyjarsýslum hefur lengst umtalsvert og að nú koma ferðamenn þangað einnig í miklu mæli að vori og hausti (maí, september og október) og talsvert í mars og apríl. Hins vegar gengur fremur hægt að fjölga ferðamönnum yfir dimmustu vetrarmánuðina, einkum þó í janúar og febrúar. Hagstætt tíðarfarar utan sumars árið 2016 hafði ótvírætt mjög jákvæð áhrif á komur ferðamanna í Þingeyjarsýslur.

Mynd 3.13 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Þingeyjarsýslur eftir mánuðum 2010, 2013, 2015 og 2016



2016	3,0	1,2	9,7	11,8	36,8	66,2	94,0	102,7	71,8	36,0	5,1	5,1
2015	2,6	0,6	12,6	9,2	13,5	42,9	97,4	96,5	34,4	11,4	3,4	1,5
2013	1,3	3,0	3,5	5,0	15,7	34,6	60,1	62,8	8,6	5,2	3,6	1,4
2010	1,0	0,3	2,1	2,2	1,3	20,4	50,4	56,5	6,7	1,7	0,2	0,2


¹⁰ Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtöldir en þeir voru líklega nálægt 75 þúsund til Akureyrar árið 2016. Samkvæmt upplýsingum frá Sérleyfisbílum Akureyrar fóru um 45 þúsund þeirra (60%) í skoðunarferðir; þar af um 36 þúsund í Suður-Þingeyjarsýslu. Að þessum gestum meðtöldum má því áætla heildarfjölda erlendra gesta í Þingeyjarsýslum rúmlega 480 þúsund árið 2016.



Í úðanum frá Goðafossi.

Á mynd 3.14 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2016 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 445 þúsund erlendum gestum þar hafi 256 þúsund gisti (58%) en 189 þúsund verið dagsgestir (42%). Um 62% sumargesta gistu en 51% þeirra sem komu utan sumars.


Mynd 3.14 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2016



Þeir 189 þúsund erlendu gestir sem gistu í Þingeyjarsýslum árið 2016 dvöldu þar að jafnaði 1,7 nætur en næturgestir árið 2015 í 2,0 nætur og í 2,2 nætur árin 2013 og 2010. Þannig eru erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum áætlaðar 443 þúsund árið 2016, um 3,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 351 þúsund árið 2015, 267 þúsund árið 2013 og 233 þúsund árið 2010.¹¹ Árið 2016 er áætlað að 33% erlendra gistinátta í Þingeyjarsýslum hafi verið utan sumars (147 þúsund), 23% árið 2015, 11% árið 2013 og 8% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.15. Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistinóttum á svæðinu hlutfallslega utan sumars, einkum árið 2016.


¹¹. Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Þingeyjarsýslna áætlaðar og meðtaldar. Helstu gististaðir þar eru Drekgil við Öskju og Herðubreiðarlindir. Þar hafa skráðar gistinætur undanfarin ár verið 6-8 þúsund, um þrefalt fleiri í Drekgili en í Herðubreiðarlindum Auk þess gista ferðamenn talsvert á hálendi Þingeyjarsýslna í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum. Sjá kafla 5.0.

Mynd 3.15 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu á láglandi Þingeyjarsýslna að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015 og 2016



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Þingeyjarsýslur eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2016 er áætlað að af 443 þúsund erlendum gestum í Þingeyjarsýslum sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 99 þúsund verið búsettir utan okkar helstu markaðssvæða (22% þeirra), 91 þúsund í Norður-Ameríku (21%), 85 þúsund í Suður-Evrópu (19%), 84 þúsund í Mið-Evrópu (19%), 33 þúsund á Norðurlöndunum (7,5%), 27 þúsund á Bretlandseyjum (6%) og 24 þúsund í Benelux löndunum (5,5%). Sjá nánar á mynd 3.16.

Mynd 3.16 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna á láglandi Þingeyjarsýslna eftir markaðssvæðum árið 2016



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2016 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Þingeyjarsýslur en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 18% gesta til Íslands árið 2016 en einungis 6% af erlendum gestum í Þingeyjarsýslum.


3.4.1 Erlendir ferðamenn á Melrakkaslétu og Langanesi



Heimskautsgerðið við Raufarhöfn.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 14 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið eitthvað um Melrakkaslétu eða Langanes árið 2010 (þ.e. komið að Kópaskeri, Raufarhöfn eða Þórshöfn), 21 þúsund árið 2013, 32 þúsund árið 2015 og 39 þúsund árið 2016 (sbr. mynd 3.17). Að þeim sem komu árið 2016 má áætla að 5-6 þúsund hafi verið Norrænufarþegar. Samkvæmt því fjölgaði erlendum ferðamönnum á þessu svæði 2,8 falt frá 2010 til 2016 og um 21% frá 2015 til 2016. Þetta þýðir einnig að 2,3% af ferðamönnum til Íslands árið 2016 komu á þetta norðausturhorn Íslands (4,6% sumargesta en 0,9% gesta utan sumars) en 2,9% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur svæðið misst um 21% hlutdeild í komum ferðamanna á tímabilinu.

Mynd 3.17 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna á Melrakkaslétu og Langanesi að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015 og 2016



Samkvæmt þessu fóru 9% af erlendum ferðamönnum í Þingeyjarsýslum árið 2016 (af þeim sem komu með flugi eða ferju til landsins) eitthvað um Melrakkaslétu eða Langanes, 11,4% sumargesta þar en 5% gesta í Þingeyjarsýslum utan sumartíma.


3.5 Erlendir ferðamenn á hálendi Norðurlands



Frá Hveravöllum.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 156 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið eitthvað um hálendi Norðurlands árið 2016, eða um 9% ferðamanna til Íslands. Þar af hafi 100 þúsund farið þar um að sumarlagi (mest í júlí og ágúst), um 15% sumargesta til Íslands, en 56 þúsund utan sumars (flestir í september), rúmlega 5% gestanna þá.

Mynd 3.18 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem komu á hálendi Norðurlands eftir mánuðum 2016



Þetta er 44% aukning frá árinu 2015 þegar áætlað er að um 108 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið eitthvað um hálendi Norðurlands, eða 8,4% ferðamanna til Íslands. Þar af hafi 75 þúsund farið þar um að sumarlagi 2015 (mest í júlí og ágúst), um 14% sumargesta til Íslands, en 33 þúsund utan sumars (flestir í september), rúmlega 4% gesta á þeim tíma.

Þá má lauslega áætla að gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Norðurlands hafi verið 24-29 þúsund árið 2016.¹² Þar af hafi 9-10 þúsund þeirra verið á hálendi Húnavatnssýslna (mest Hveravöllum), 1-2 þúsund á hálendi Skagafjarðar, 3-4 þúsund á hálendi Eyjafjarðar (mest Laugafelli) og 11-3 þúsund á hálendi Þingeyjarsýslna. Áætlað er að um 85% af gistinóttum á hálendi Norðurlands 2016 hafi verið að sumarlagi en um 15% utan sumars (mest í september).


¹². Lauslega er áætlað að nætur á helstu gististöðum á hálendi Norðurlands (Hveravöllum, Laugafelli, Herðubreiðarlindum, Drekgili) hafi verið 19-22 þúsund árið 2016. Þá gistu erlendir ferðamenn einnig í öðrum skálum á hálendi Norðurlands og tjölduðu eða gistu í húsbílum utan skála eða tjaldsvæða.

3.6 Erlendir ferðamenn á Norðurlandi öllu

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 502 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið eitthvað á Norðurland árið 2016 af 1.706 erlendum ferðamönnum til Íslands með flugi eða ferju, eða 29% þeirra.¹³ Af þeim er áætlað að 298 þúsund hafi komið að sumarlagi (59%) en 204 þúsund utan sumars (41%).

Alls er áætlað að 658 þúsund ferðamenn með ferju eða flugi hafi komið til Íslands sumarið 2016 en 1.048 þúsund ferðamenn hina níu mánuði ársins. Samkvæmt því má áætla að 45% erlendra sumargesta árið 2016 hafi eitthvað lagt leið sína á Norðurland og um 20% erlendra ferðamanna utan sumars. Á jaðarmánuðunum maí, september og október 2016 er áætlað að 26-42% ferðamanna til Íslands hafi komið eitthvað á Norðurland, 18% gesta í apríl, 11% í mars en 3-9% gesta yfir dimmustu vetrarmánuðina, janúar, febrúar, nóvember og desember.

Mynd 3.19 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna á Ísland og Norðurlandi og hlutfall gesta á Norðurlandi eftir mánuðum 2016



Karlar voru heldur líklegri til að fara um Norðurland en konur. Þá fór fólk á aldrinum 18-55 ára þangað heldur meira en þeir sem voru yfir 55 ára. Fólk í "self drive" ferð (gisting og e.t.v. fleira skipulagt af öðrum) var nokkru líklegri til að heimsækja Norðurland og svæði þar en þeir sem voru alfarið á eigin vegum og mikið frekar en þeir sem voru í skipulagðri hópferð. Í samræmi við það voru þeir sem nýttu sér bílaleigubíla í Íslandsferðinni margfalt líklegri til að heimsækja Norðurland en fólk sem nýtti eitthvað hópferðabíla eða áætlunarbíla. Munar þar en meiru utan sumars en að sumarlagi. Þá eru ferðamenn með ferjunni Norrænu margfalt líklegri til að koma á Norðurland og svæði þar og einnig að gista þar en sumargestir sem koma til Íslands með flugi.

¹³. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir en þeir voru líklega nálægt 75 þúsund á Norðurlandi árið 2016. Með þeim má áætla erlenda gesti á Norðurlandi alls um 580 þúsund.




Í tunglskinsbirtu og vetrarstillu í Svarfaðardal.

Af 502 þúsund erlendu gestum á Norðurlandi árið 2016 sem komu til Íslands með flugi eða ferju er áætlað að 393 þúsund hafi gist, eða 78%, en 109 þúsund verið dagsgestir (22%). Af 358 þúsund erlendu gestum á Norðurlandi árið 2015 er áætlað að 309 þúsund hafi gist, eða 85%, en 49 þúsund verið dagsgestir (15%). Þá er áætlað að af 234 þúsund erlendum gestum í landshlutanum árið 2013 hafi 197 þúsund gist (84%) en 37 þúsund verið í dagsferð (16%). Árið 2010 er síðan áætlað að 159 þúsund erlendir ferðamenn hafi lagt leið sína á Norðurland. Þar af hafi 145 þúsund gist (91%) en 14 þúsund verið í dagsferð (9%). Sjá nánar á mynd 3.20.

Þannig er áætlað að erlendum næturgestum á Norðurlandi hafi fjölgað 2,7 falt frá 2010 til 2016 en dagsgestum 7,7 falt. Heildarfjöldi erlendra gesta á Norðurlandi jókst 3,2 falt á tímabilinu.

Mynd 3.20 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta á Norðurlandi 2010, 2013, 2015 og 2016




Áætlað er að 393 þúsund erlendir næturgestir á Norðurlandi árið 2016 hafi gist þar í 3,2 nætur að jafnaði; alls í 1.266 þúsund nætur, eða tæplega 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi. Þar af hafi 237 þúsund gist þar sumarið 2016 í 3,5 nætur að jafnaði en 156 þúsund hafi komið utan sumars og gist í 2,8 nætur. Áætlað er að erlendar gistinætur á Norðurlandi hafi verið alls um 998 þúsund

árið 2015 eða tæplega 12% af erlendum gistinóttum á Íslandi, um 682 þúsund árið 2013, 12% af heildinni, og 516 þúsund árið 2010, eða 15% af heildinni.

Þá er áætlað að gistinóttum erlendra ferðamanna á Norðurlandi hafi fjölgað úr 516 þúsund árið 2010 í 1.266 þúsund 2016, eða nær 2,5 falt. Þar af fjölgaði þeim úr 466 þúsund í 824 þúsund að sumarlagi, um 77%, en úr 50 í 442 þúsund utan sumars, eða 8,8 falt.

Mynd 3.21 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta á Norðurlandi að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015 og 2016



Á mynd 3.22 má sjá áætlaða þróun í fjölda og hlutfalli gistinátta á svæðunum fjórum á Norðurlandi 2010-2016. Þar má t.d. sjá að flestar gistináttanna árið 2016 voru í Eyjafirði (39%) og Þingeyjarsýslum (35%) eða nálægt þrefalt fleiri en í Húnavatnssýslum (14%) og Skagafirði (12%).

Mynd 3.22 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta eftir svæðum á Norðurlandi 2010, 2013, 2015 og 2016

